

Sp.

362. Tillaga til þingsályktunar

[188. mál]

um alþingishús.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er vinni að því í samráði við ríkisstjórnina að gera tillögur um stækkun alþingishússins eða byggingu nýs þinghúss eftir því, hvort betur þykir leysa þörf Alþingis fyrir viðunandi húsnæði. Nefndin skal skila tillögum til Alþingis eigi síðar en haustið 1962.

Greinargerð.

Það er augljósara en svo, að ræða þurfi, að núverandi húsakynni Alþingis eru orðin með öllu óviðunandi. Slíkt er ekki heldur að undra, þar sem alþingishúsið er reist fyrir mörgum áratugum og þá ætlað miklu fámennari og áhrifaminni stofnun en Alþingi er nú. Miðað við aðrar aðstæður var þó alþingishúsið mjög vegleg bygging á þeim tíma og sýnir glögg þá viðurkenningu og virðingu, sem menn vildu sýna Alþingi.

Talsvert hefur verið rætt um það seinustu árin, hvernig bezt yrði leyst úr húsnæðismálum Alþingis, svo að fullnægt yrði báðum þeim sjónarmiðum, að Alþingi væri sýndur sómi sem elztu og ráðamestu stofnun þjóðfélagsins og að þingmönnum væru búin viðunanleg starfsskilyrði. Nokkrir hafa bent á, að hugsanlegt væri að stækka svo alþingishúsið, að Alþingi geti haft þar áfram aðsetur sitt. Afstaða þeirra mun ekki sít spröttin af því, að þeir telja alþingishúsið hafa unnið sér þá sögulegu helgi, að forðast beri brottflutning þingsins þaðan í lengstu lög. Aðrir telja, að húsnæðismál Alþingis verði ekki vel leyst, nema reist verði nýtt þinghús, er verði mikil bygging og glæsileg, sniðin í mót nýs tíma og miðuð við það, að Íslendingar eru nú sjálfstæð þjóð og vilja reisa Alþingi húsakynni í samræmi við það. Núverandi alþingishús mætti þó nýta áfram, svo að samrýmdist vel söguhelgi þess, t. d. sem aðsetur hæstaréttar.

Það er tilgangur þessarar tillögu, að þetta mál fái þá athugun, sem nauðsynleg er, og niðurstöður hennar leiddu til þess, að framkvæmdir gætu hafizt fyrr en síðar.